



Ársreikningur 2019

Greinargerð


Hér á eftir eru teknar saman frekari upplýsingar um ársreikning ársins 2019, að öðru leyti er vísað til ágættra skýringa með ársreikningnum sjálfum og skýrslu endurskoðanda. Ársreikningur samanstendur af upplýsingum um A-hluta sveitarsjóðs og samantekin A- og B-hluta. Í A-hluta er aðalsjóður auk eignasjóða. Í B-hluta eru veitustofnanir, hafnarsjóður, félagslegar íbúðir, Tímatákn ehf, og hlutdeild Sveitarfélagsins Skagafjarðar í Eyvindarstaðaheidi ehf.

Rekstur

Rekstrartekjur Sveitarfélagsins Skagafjarðar námu á árinu **5.977 millj. króna** af samstæðunni í heild, A- og B-hluta. Þar af voru rekstrartekjur A-hluta **5.119 millj. króna**. Rekstrargjöld samstæðunnar að frátöldum afskriftum og fjármagnsliðum voru **5.250 millj. króna**, þ.a. A-hluta **4.660 millj. króna**. Rekstrarniðurstaða A- og B-hluta fyrir afskriftir og fjármagnsliði er jákvæð um **728 millj. króna**, þar af er rekstrarniðurstaða A-hluta jákvæð fyrir afskriftir og fjármagnsliði um **459 millj. króna**. Afskriftir eru samtals **234 millj. króna**, þar af **139 millj. króna** hjá A-hluta. Fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur voru hjá samstæðunni í heild samtals **262 millj. króna**, þ.a. eru **205 millj. króna** fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur í A-hluta sveitarsjóðs. Rekstrarafgangur A- og B-hluta á árinu 2019 er **231 millj. króna** og rekstrarniðurstaða A hluta er jákvæð um **115 millj. króna**.

Rekstrarniðurstaða Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2002-2019 í þúsundum kr





Efnahagur


Eignir Sveitarfélagsins Skagafjarðar A- og B-hluta voru í árslok samtals **10.102 millj. króna**, þ.a. voru eignir A hluta **8.040 millj. króna**. Skuldir og skuldbindingar voru í árslok 2019 samtals **6.999 millj. króna**, þ.a. hjá A-hluta **6.205 millj. króna**. Langtímaskuldir námu alls **4.577 millj. króna** hjá A- og B-hluta auk **401 millj. króna** næsta árs afborgana. Eigið fé nam **3.103 millj. króna** hjá samstæðunni í árslok og er eiginfjárhlutfall **30,7%** sem er hækkun um 3 prósentustig frá fyrra ári. Af þessari tölu nam eigið fé A-hluta **1.835 millj. króna** og eiginfjárhlutfall **22,8%** sem er einnig hækkun um 3 prósentustig frá fyrra ári. Lífeyrisskuldbindingar nema **1.249 millj. króna** í árslok og hækkuðu á árinu um **49 millj. króna** nettó vegna aukinna lífeyrisréttinda og lengingu á lífaldri í útreikningum.

Sjóðsstreymisyfirlit

Veltufé frá rekstri A- og B-hluta nam **667 millj. króna**, þar af er veltufé frá rekstri A-hluta **420 millj. króna**. Handbært fé frá rekstri A- og B-hluta er **424 millj. króna**. Fjárfestingahreyfingar námu á árinu 2019, **563 millj. króna**, þar af námu fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum **578 millj. króna**. Afborganir og skuldbreytingar langtímalána á árinu 2019 eru **423 millj. króna**, handbært fé nam **120 millj. króna** í árslok. Tekin voru ný langtímalán að fjárhæð **422,5 millj. króna**.



Veltufé frá rekstri hjá Sveitarfélaginu Skagafirði 2002-2019 í þúsundum króna



Rekstrartekjur

Sé horft til samanburðar á milli ára á helstu stærðum er lúta að rekstri er breytingin nokkur. Eftirfarandi tafla(1) sýnir rekstrarniðurstöðu árána 2009-2019 og hlutfallslega breytingu milli ára 2018-2019.

Tafla 1	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	Br.%
Rekstrartekjur	3086	3162	3298	3548	3902	3933	4316	4917	5196	5506	5977	8,6%
Rekstrargjöld	-2955	-3005	-3213	-3256	-3340	-3649	-4131	-4503	-4847	-4984	-5483	10,0%
Fjármagnsliðir	-320	-159	-359	-278	-228	-201	-251	-257	-203	-292	-262	-10,3%
	-189	-2	-274	14	334	83	-66	157	146	230	232	
Óreglul. tekjur -(gjöld)	-63	-13	4	3	-20	44	-31	95	-1	11	-1	
Rekstrarhagnaður -(gjöld)	-252	-15	-270	17	314	127	-97	252	145	241	231	

Rekstrartekjur hækka um tæp 9% á milli ára hjá samstæðunni en rekstrargjöld hækka á sama tíma um 10%. Riflega 10% lækkun er á fjármagnsliðum sem er afleiðing samdráttar í efnahag landsins og minnkandi verðbólgu.

Rekstrarkostnaður

Þegar horft er til rekstrarútgjalda, þá er vert að geta þess að laun og launatengdur kostnaður eru þar langstærstu kostnaðarliðirnir. Hjá samstæðunni allri, A- og B-hluta, hljóðuðu þessir kostnaðarliðir upp á um **3.244 millj. króna** á árinu eða sem nemur um **54,3%** af samanlögðum tekjum samstæðunnar. Hefur þetta hlutfall heldur sigið niður á við á undanförunum árum þótt ekki sé um miklar breytingar að ræða. Sambærilegar tölur fyrir A-hluta eru að laun og launatengdur kostnaður var um **3.052 millj. króna** eða **59,6%** af heildartekjum A-hluta.



Á milli áráanna 2017 og 2019 lækkuðu laun og launatengdur kostnaður sem hlutfall af tekjum um rúm 4 prósentustig hjá Sveitarfélaginu Skagafirði sem skýrist af einskíptis uppgjöri við Brú lífeyrissjóð á árinu 2017.

Hér að neðan er samanburður á þessum kostnaðarliðum fyrir árin 2009-2019 hjá samstæðunni.

Tafla 2	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019
Rekstrartekjur	3.086	3.161	3.298	3.548	3.902	3.933	4.315	4.917	5.196	5.506	5.977
Laun og launat. gjöld	1.738	1.820	1.901	1.968	1.978	2.108	2.401	2.691	3.046	3.022	3.244
Hlutfall af tekjum	56,3%	57,6%	57,6%	55,5%	50,7%	53,6%	55,6%	54,7%	58,6%	54,9%	54,3%

Rekstur málaflokka – ráðstöfun skatttekna

Vert er að skoða hvernig skatttekjum sveitarfélagsins er ráðstafað til einstakra málaflokka í A hluta, en skatttekjur eiga að standa undir rekstri hans samkvæmt þeim ramma sem sveitarfélögum er sniðinn.

Eftirfarandi tafla (Tafla 3) er sambærileg og tafla í skýringu 24 á bls. 28 í ársreikningi ársins 2019. Í töflunni er sýndur samanburður tíu ára, 2010-2019.

Kostnaður við útgjaldastærsta málaflokkinn, fræðslu- og uppeldismálin, fer lækkandi sem hlutfall af skatttekjum á milli áráanna 2018 og 2019. Hlutfallið hefur sveiflast aðeins á undanförunum árum. Það lækkaði á árunum 2012 og 2013, hækkaði að nýju 2014 og 2015 en hefur síðan lækkað. Mikil hlutfallsleg lækkun á milli áráanna 2015 og 2016 skýrist að hluta til vegna þess að tekjur vegna málefna fatlaðs fólks voru þá færðar sem skatttekjur en voru áður færðar sem aðrar tekjur. Launakostnaður félagsþjónustu jókst einnig á árinu 2016 vegna yfirtöku Sveitarfélagsins Skagafjarðar á málefnum fatlaðs fólks á því ári (leiðandi sveitarfélag). Síðan 2017 hefur hlutur félagsþjónustu farið vaxandi sem hlutfall af skatttekjum.

Á síðustu árum hefur aðhaldssemi verið viðhöfð í rekstri sveitarfélagsins og dregið hefur verið úr ýmsum rekstrarþáttum samhliða því sem lögð hefur verið áhersla á að standa vörð um lögbundna þjónustu sveitarfélagsins. Með því að gæta skynsamlegs aðhalds í sjálfum rekstri sveitarfélagsins skapast tækifæri til aukins viðhalds og fjárfestinga, án þess að skuldsetning þurfi að vera aukin. Aðhaldi þarf þó að beita af skynsemi og með það að markmiði að gæta jafnvægis í þjónustu sveitarfélagsins.



Tafla 3

Aðalsjóður	2010	%	2011	%	2012	%	2013	%	2014	%	2015	%	2016	%	2017	%	2018	%	2019	%
Skatttekjur	2.115		2.213		2.358		2.561		2.610		2.807		3.554		3.758		3.969		4.381	
Félagsþjónusta	127	6,0%	178	8,0%	166	7,0%	179	7,0%	210	8,0%	236	8,4%	657	18,5%	674	17,9%	742	18,7%	873	19,9%
Heilbrigðismál	13	0,6%	14	0,6%	14	0,6%	1	0,0%	1	0,0%	7	0,2%	7	0,2%	8	0,2%	8	0,2%	9	0,2%
Fræðslu- og uppeldismál	1.308	61,8%	1.381	62,4%	1.411	59,8%	1.392	54,4%	1.512	57,9%	1.696	60,4%	1.732	48,7%	1.843	49,0%	1.865	47,0%	1.951	44,5%
Meningarmál	125	5,9%	134	6,1%	131	5,6%	117	4,6%	130	5,0%	137	4,9%	146	4,1%	163	4,3%	155	3,9%	171	3,9%
Æskulýðs- og íþróttamál	265	12,5%	286	12,9%	283	12,0%	287	11,2%	308	11,8%	321	11,4%	329	9,3%	351	9,3%	366	9,2%	422	9,6%
Brunamál og almannavarni	48	2,3%	49	2,2%	52	2,2%	57	2,2%	54	2,1%	59	2,1%	66	1,9%	63	1,7%	71	1,8%	82	1,9%
Hreinlætismál	22	1,0%	19	0,9%	39	1,7%	43	1,7%	43	1,6%	38	1,4%	40	1,1%	40	1,1%	47	1,2%	53	1,2%
Skipulags- og byggingarmál	32	1,5%	39	1,8%	35	1,5%	42	1,6%	46	1,8%	44	1,6%	43	1,2%	45	1,2%	61	1,5%	60	1,4%
Umferðar- og samgöngumál	58	2,7%	61	2,8%	81	3,4%	95	3,7%	86	3,3%	89	3,2%	84	2,4%	77	2,0%	93	2,3%	132	3,0%
Umhverfismál	49	2,3%	56	2,5%	53	2,2%	59	2,3%	60	2,3%	68	2,4%	72	2,0%	72	1,9%	83	2,1%	85	1,9%
Atvinnumál	62	2,9%	46	2,1%	50	2,1%	46	1,8%	50	1,9%	53	1,9%	78	2,2%	67	1,8%	60	1,5%	77	1,8%
Sameiginlegur kostnaður	153	7,2%	186	8,4%	172	7,3%	223	8,7%	231	8,9%	201	7,2%	231	6,5%	246	6,5%	263	6,6%	284	6,5%
Lífeyrisskuldbinding	6	0,3%	78	3,5%	56	2,4%	53	2,1%	85	3,3%	125	4,5%	129	3,6%	249	6,6%	68	1,7%	108	2,5%
Fjármunátekjur -(gjöld)	52	2,5%	57	2,6%	46	2,0%	17	0,7%	23	0,9%	10	0,4%	12	0,3%	14	0,4%	55	1,4%	44	1,0%
Aðalsjóður samtals	-101		-257		-139		-16		183		257		48		126		-142		-118	
Eignasjóður og þjón.st	14	0,7%	-14	-0,6%	87	3,7%	51	2,0%	171	6,6%	128	4,6%	91	2,6%	127	3,4%	-50	-1,3%	-3	-0,1%
Þjónustustöð	-25	-1,2%	-31	-1,4%	-27	-1,1%	-24	-0,9%	-35	-1,3%	47	1,7%		0,0%		0,0%		0,0%		0,0%
A-hluti - samtals	-112		-302		-79		11		-47		-176		43		1		92		115	

Samanburður fjárhagsáætlunar og rauntalna

Þegar samanburður áætlunar og rauntalna í rekstri er skoðaður sést glögglega að flestir málaflokkar hafa staðist fjárhagsáætlun vel. Hjá Aðalsjóði má þannig sjá að stærstu málaflokkarnir, fræðslu- og uppeldismál og félagsþjónusta, eru með fremur lítil hlutfallsleg frávik. Í jafn stórum málaflokki og fræðslu- og uppeldismál eru verður þó að horfa til þess að hvert prósentubrot er umtalverð fjárhæð. Lífeyrisskuldbindingar fara hlutfallslega mest fram úr áætlun og þar á eftir koma hreinlætismál. Aðrir málaflokkar aðalsjóðs eru ýmist mjög nærri áætlun eða talsvert undir henni. Þá voru skatttekjur nokkuð umfram áætlun eða sem nemur 63 m.kr. Heildarafkoma aðalsjóðs er því jákvæð um 118 m.kr. sem er 37 m.kr. umfram áætlun.

Eignasjóður fór nokkuð fram úr fjárhagsáætlun ársins 2019 og er stærsta einstaka skýringin þar viðhaldsframkvæmdir sem ekki var talið unnt að fresta og auknar afskriftir.

B-hluta stofnanir voru flestar þokkalega reknar og heildarafkoman 6 m.kr. betri en áætlun gerði ráð fyrir. Munar þar mestu um að tekjur voru umfram áætlun hjá hitaveitu og fráveitu. Afkoman var þó lakari en áætlun gerði ráð fyrir hjá Eyvindarstaðaheiði ehf og vatnsveitu en ráðast þurfi í talsverðar framkvæmdir hjá veitunni vegna vatnsskorts sl. sumar.

Til nánari greiningar sýnir eftirfarandi tafla heildaryfirlit um rekstur samstæðunnar á árinu og frávik einstakra liða frá fjárhagsáætlun ársins.



Tafla 4

Samanburður	Áætlun 2019 með		Mismunur	%
	Ársreikningur	viðaukum		
Aðalsjóður				
Skatttekjur	4.380	4.317	63	1,5%
Félagsþjónusta	873	858	15	1,7%
Heilbrigðismál	9	8	1	12,5%
Fræðslu-og uppeldismál	1.951	1.946	5	0,3%
Menningarmál	171	172	-1	-0,6%
Æskulýðs-og íþróttamál	422	415	7	1,7%
Brunamál og almannavarnir	81	90	-9	-10,0%
Hreinlætismál	53	51	2	3,9%
Skipulags-og byggingarmál	60	69	-9	-13,0%
Umferðar-og öryggismál	132	132	0	0,0%
Umhverfismál	85	88	-3	-3,4%
Atvinnumál	77	86	-9	-10,5%
Sameiginlegur kostnaður	284	289	-5	-1,7%
Lífeyrisskuldbinding	108	84	24	28,6%
Fjármunatekjur -(gjöld)	44	52	-8	-15,4%
Aðalsjóður samtals	118	81	37	45,7%
A-hluta stofnanir				
Eignasjóður og þjón.stöð	-3	13	-16	-23,1%
A-hluti - sveitarjóður samtals	115	94	21	
B-hluta stofnanir				
Hafnarsjóður	63	61	2	
Vatnsveita	0	32	-32	
Sjóveita	-2	-1	-1	
Hitaveita	4	-11	15	
Fráveita	50	36	14	
Félagslegar íbúðir	2	-8	10	
Tímatákn ehf	2	0	2	
Eyvindarstaðaheiði ehf	-3	1	-4	
B-hluta stofnanir samtals	116	110	6	5,5%
A og B-hluti samtals	231	204	27	13,2%


Ákvæði sveitarstjórnarlaga um skuldahlutfall og skuldaviðmið

Í sveitarstjórnarlögum sem tóku gildi í upphafi árs 2012 segir í 64. gr. að „samanlögð heildarútgjöld til rekstrar vegna A- og B-hluta í reikningsskilum skv. 60 gr. séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærri en nemur samanlögðum reglulegum tekjum“. Þessar skyldur eru uppfylltar frá árinu 2012 eins og glöggst kemur fram í útreikningi á blaðsíðu 26 í meðfylgjandi ársreikningi.

Einnig segir í 64. gr. sveitarstjórnarlaga að heildarskuldir og skuldbindingar A- og B-hluta í reikningsskilum skv. 60. gr. megi ekki vera hærri en sem nemur 150% af reglulegum tekjum. Frá



heildarskuldum og skuldbindingum er heimilt að draga frá hluta lífeyrisskuldbindinga samkvæmt reglugerð 502/2012 um fjárhagsviðmið sveitarfélaga, skuldauppgjör við Brú lífeyrissjóð, auk veltufjármuna sem er ákvæði sem tók gildi árið 2018 (458/2018). Hjá Sveitarfélaginu Skagafirði er skuldaviðmið 88,2% á árinu 2019 hjá samstæðunni, þegar búið er að draga frá hluta lífeyrisskuldbindinga af heildarskuldum og skuldbindingum og veltufjármuni eins og heimilað er. Séu þessi þættir ekki dregnir frá er skuldahlutfallið 123,8% hjá samstæðunni.



Samantekt

Ársreikningur ársins 2019 fyrir Sveitarfélagið Skagafjörð gefur glögga mynd af afkomu sveitarfélagsins á árinu.

Ber að þakka þann árangur sem hefur náðst í rekstri sveitarfélagsins en jafnframt að brýna menn áfram til góðra verka í þeirri vinnu sem alltaf er í gangi. Mikilvægt er að áframhald verði á góðri samvinnu allra aðila svo halda megj þannig á málum að við getum áfram rekið hér gott samfélag sem er í stakk búið til að veita íbúum sínum góða þjónustu og þannig stuðla að áframhaldandi jákvæðri þróun í vexti og viðgangi sveitarfélagsins. Árangur góðrar samvinnu og samstöðu sem sveitarstjórnarmenn hafa sýnt nú á vordögum ársins 2020 vegna afleiðinga Covid-19 faraldursins sýnir að hægt er að skila góðum árangri þótt tímabundið gefi á bátinn.



Að lokum vil ég þakka sveitarstjórnarmönnum og starfsfólki Sveitarfélagsins Skagafjarðar fyrir þann góða árangur sem náðst hefur í rekstri sveitarfélagsins og síðast en ekki síst öllum þeim sem lögðu á sig ómælda vinnu við gerð þessa ársreiknings.

Sauðárkróki 3. júní 2020

Sigfús J. Sigfússon

Sigfús Ingi Sigfússon,
sveitarstjóri